



IOTA

Fundargerð

Fundur haldinn á Þingeyri 2. október 2018 kl. 18:30

1. Kynning á Blábankanum á Þingeyri. Haukur Sigurðsson kynnti okkur starfsemi Blábankans. Blábankinn er þjónustu- og nýsköpunarmiðstöð sem heldur utanum ýmsa þjónustupætti og er jafnframt tengiliður við þjónustuaðila. Blábankinn veitir meðal annars bankaþjónustu fyrir Landsbankann, aðstoð og tengingu við þjónustu Ísafjarðarbæjar, og tekur á móti erindum og fyrirspurnum vegna þjónustu og starfsemi Verkalýðsfélags Vestfjarða, Verk Vest. Einnig býður Blábankinn uppá aðstöðu hvort heldur sem er fyrir samveru, lestur, sköpun eða vinnu. Að lokinni kynningu fengum við að upplifa það að sjá samverustund í bankanum með sýndargleraugum sem var einstök reynsla.
2. Eftir kynningu á Blábankanum var farið á heimili Kristínar Bjarkar tóku hún og Gunnar maður hennar á móti okkur og buðu uppá dýrindis fiskisúpu.
3. Fundur settur, með því að kveikja á kertum, vináttu, trúmennsku, og hjálpsemi. Félagskonur boðnar velkomnar til starfa.
4. Nafnakall
5. Fréttir: formaður sagði frá framkvæmdaráðsfundi var haldinn þann 8. september 2018 í Kennarahúsinu við Laufásveg, fréttablaði forseta landssambandsins. Í framhaldi var rætt um mikilvægi þess að vera virkur og taka þátt á landsvísu. Evrópuþing verður haldið á Íslandi dagana 25.-27. júlí, undirbúningur er kominn á fullt og nefndir starfandi. Konur hvattar frá þessa daga fyrir þingið. Hugmyndir að gjöfum fyrir þinggesti ræddar og nefndar hugmyndir að salti frá Reykjanesi, kremprufum frá Kerecis, heklud blóm o.fl. Kvennafrídagurinn er 24. okt. n.k. Bryndís Friðgeirsd er tilbúin að vera fulltrúi okkar við skipulag og undirbúning. Hugmyndin er að virkja sem flesta kvennahópa til að standa að dagskrá.
6. Góðar umræður sköpuðust yfir borðum um persónuverndarlögin og nýafstaðin samræmdpróf í 4. og 7. bekk.
7. Formaður markmið samtakanna og nefndi að umræðurnar yfir borðum tengdust vel þeim.
8. Vetrarstarfið kynnt sem og skipulag funda í vetur.
9. Níu konur sátu fundinn sem var slitið kl:20.30. Slökkt á kertunum.